

farið fram, ef fiskmagnið hefir ekki verið tilgreint nákvæmlega eftir fyrir-
mælum 2. gr. 13

16. jan.

Nú er fiskur seldur í erlend skip, sem kaupa fyrir eigin reikning, og skulu
þá bæði seljendur og umboðsmenn hins erlenda skips, gefa skýrslu um fisk-
magn og verð sundurliðað á þann hátt, sem Fiskifélagið fyrirskipar.

4. gr.

Ef útflytjendur hafa ekki afhent Fiskifélaginu afrit af sölureikningi sam-
kvæmt 3. gr., innan mánaðar frá því að salan fór fram, geta þeir ekki vænt
þess að ráðuneytið veiti þeim söluleyfi að nýju, fyr en afrit reikningsins hefir
verið afhent.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 10000 krónum.

6. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lög-
reglumál.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 88, 19. júní 1933, til
þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. janúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

REGLUR

um störf lýsismatsmanna.

14

19. jan.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 42, 19. júní 1933, um vinnslu, verkun og mat
meðalalýsis, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um störf lýsismatsmanna.

1. gr.

Lögreglustjóri skipar lýsismatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað. Fer
um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirlýsismatsmanns.

2. gr.

Lýsismatsmenn skulu kosta kapps um að verða sem færastir í því að
dæma um verkun og gæði meðalalýsis. Ber þeim að vanda matið svo sem mest
má verða, svo að íslenzkt meðalalýsi geti orðið í sem beztu áliti á erlendum
markaði.

14

19. jan.

3. gr.

Yfirlýsismatsmaður er yfirboðari lýsismatsmanna, og er þeim skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu, sem lýtur að lýsismati.

4. gr.

Lýsismatsmanni ber að framkvæma mat og vigtun á lýsi í umdæmi sínu eftir beiðni framleiðenda eða þeirra, sem fást við verzlun með meðalalýsi. Utan síns umdæmis skal matsmaður aðeins framkvæma mat í samráði við yfirlýsismatsmann. Ef sérstaklega stendur á, má lýsismatsmaður, á sína ábyrgð, láta annan löggiltan vigtarmann framkvæma vigtun á lýsi.

5. gr.

Lýsismatsmenn skulu halda nákvæma skrá yfir allt lýsi, sem metið er og gefa um það skýrslu til yfirlýsismatsmanns ársfjórðungslega eða oftár, ef ástæða þykir til. Í skýrslunni skal tilgreint lifrarmagn það, sem brætt hefir verið og hve mikið hefir verið flutt út af hverri tegund lýsis ásamt lýsismagni í hverjum flokki. Lýsisframleiðendum ber skylda til að láta lýsismatsmönnum í té upplýsingar um lifrarmagn það, sem þeir hafa brætt.

6. gr.

Lýsismatsmönnum er skylt að fylgja reglum þeim, sem settar verða um rannsókn, flokkun, umbúðir og merkingu meðalalýsis. Þeir skulu undirrita vottorð um gæði og þunga lýsisendinga til útlanda, eftir nánari reglum, er atvinnumálaráðuneytið setur, en þó því aðeins að sendingin sé yfir 10 kg. að þyngd.

7. gr.

Lýsismatsmönnum ber kaup fyrir starf sitt samkvæmt því, sem hér segir:

1. Þegar lýsi er metið úr geymi greiðist 20 aurar fyrir hver 100 kg.
2. Fyrir mat á lýsi utan geymis greiðist 35 aurar á hverja tunnu, sem inniheldur allt að 100 kg., en 70 aurar fyrir hverja tunnu eða fat, sem inniheldur þar yfir, allt að 200 kg. Sé um stærri ílát að ræða sé greiðslan 35 aurar á hver 100 kg.
3. Ferðakostnaður og dvalarkostnaður í sambandi við lýsismat utan bústaðar (kaupstaðar eða kaupsýnis) lýsismatsmanns greiðist af þeim, er mats beiðist. Verði deila um nefndar greiðslur gildir úrskurður yfirlýsismatsmanns. Úrskurði hans má þó skjóta til atvinnumálaráðherra.

Matsmenn mega ekki þiggja neina aukabókun eða hlunnindi hjá þeim, sem þeir meta fyrir.

8. gr.

Lýsismatsmenn rita undir drengskaparheit um, að þeir vilji með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem þeim eru á herðar lagðar með reglum þessum, og verða að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á þeim.

Sannist þær misfellur á starfi lýsismatsmanns, er telja verður að stafi af 14
vítaverðu gáleysi eða vanrækslu ber hann ábyrgð á tjóni, er af því kann að 19. jan.
leiða.

9. gr.

Nú vanrækir lýsismatsmaður starf sitt, eða leysir það illa af hendi að dómi
yfirlýsismatsmanns, og skal yfirlýsismatsmanni þá heimilt að víkja honum frá
um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra sam-
stundis þessa ráðstöfun, sem þá vikur hinum brotlega lýsismatsmanni endan-
lega frá, eftir rannsókn á máli hans, og skipar annan í hans stað.

10. gr.

Með mál út af brotum á reglum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.
Um refsingar fyrir brot lýsismatsmanna gegn ákvæðum ofanefndra laga,
nr. 42 frá 1933 og reglna þessara, fer sem um brot opinberra starfsmanna
almennt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem
hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. janúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGERÐ

15

19. jan.

um viðauka við reglugerð um eftirlit með verksmiðjum og vélum,

16. febrúar 1929.

1. gr.

Aftan við 5. gr. bætist ný málsg., er orðist svo:

Eimkatlar með vinnuþrýsting yfir 8 kg./cm.² og aðrir katlar þar sem
framkvæmi af hitafleti í ferm. og þrýstingi í kg/cm.² er yfir 30, mega ekki
standa í, undir eða yfir stofum, þar sem aðrir en gæzlumenn ketilsins hafast
við að staðaldri.

Tveir eða fleiri katlar sem samtímis eru í notkun, teljast sem einn ketill.

2. gr.

Aftan við 45. gr. bætist 2 nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Skoðun samkvæmt 46. gr. telst aðalskoðun. Þegar nýrri vél er bætt við í
eldri verksmiðju eða verkstæði skal fara fram aðalskoðun á henni, sérstaklega
með tilliti til öryggisumbúnaðar.